

Kvenleiki sem orðræða.

Guðný Gústafsdóttir

Á hverjum stað og tíma eru hlutverk kvenna og karla skilgreind í orðræðunni út frá ríkjandi menningu. Í túlkuninni endurspeglast atgervi og ásýnd manneskju, eða kyngervi hennar, og þannig verða til kvenleiki og karlmennska og ímyndir þeirra. „Kyngervið“ (e. gender), sem í grunninn er menningarbundinn munur á konum og körlum, tákngerir jafnframt þau kynjuðu valdatengsl sem liggja til grundvallar hverju samfélagi. Völdum og valdaleysi er komið á framfæri í orðræðunni og í henni liggja einnig möguleikar til breytinga.¹

Staða kvenna í íslenskum samtíma hefur verið mótsagnakennd. Þrátt fyrir formlegt jafnrétti og ríka félagslega þátttöku kvenna í samfélaginu síðustu áratuginu fyrir hrun, voru konur lítt sýnilegar sem leikmenn á markaði góðærisins og að miklu leiti fjarverandi í hruninu sjálfu. Ímynd efnahagslegs uppgangs á Íslandi sem jafnframt var ímynd hrunsins var íslensk viðskiptakarlmennska íklædd jakkafötum með bindi.² Þegar ég lagði af stað með doktorsrannsókn mína árið 2009 sýndist mér því brýnt verkefni að skoða hina hlið kynjapeningins; konur. Það erindi sem hér fer á eftir byggir á doktorsrannsókn minni í Kynjafræði við Háskóla Íslands sem ber vinnuheitid *Kyngervi og þegnréttur á Íslandi samtímans*³. Í doktorsritgerðinni er ímynd kvenleika á Íslandi á bilinu 1980-2008 kortlagt og skoðað hvaða hugmyndir um þegnrétt fylgja kvenleikanum. Sjálfskilgreining kvenna, atgervi og möguleiki þeirra til þátttöku á hinum ýmsu sviðum samfélagsins verða skoðuð.

Í þessari grein verður gripið niður í upphafsár doktorsrannsóknar minnar og atburður frá árinu 1980 borinn saman við nýliðin viðburð af sama toga; forsetakosningar á

¹ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language* New York. Vintage books, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsæi, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Hill-Collins, P.: *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness, and the Politics of Empowerment*. Routledge, London, 2000; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötum. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

² Þorgerður Einarsdóttir og Gyða Margrét Pétursdóttir: „Greining á skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis frá kynjafræðilegu sjónarhorni“. Fylgiskjal II með skýrslu þingmannanefndar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, 2010 bls. 209-267. Sótt 22. júní af: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/pdf/1501.pdf>

³ Doktorsrannsóknin er styrkt af Rannsóknarsjóði og Eimskipasjóði Háskóla Íslands.

Íslandi. Hér á eftir verða valdir frambjóðendur forsetakosninganna árið 1980 og 2012 vegin og metin með áhöldum sögulegrar greiningar orðræðu.

Val og afmörkun

Fyrsta skrefið í verklagi sögulegrar orðræðugreiningar er val á viðfangsefni. Valið fyrir þessa grein var ekki vandasamt. Orðræðan í kringum forsetakosningarnar árið 2012 var í háumæli þegar 4. íslenska sögupingið stóð fyrir dyrum og það lá beint fyrir að taka hana til greiningar. Ég ákvað jafnframt að þrengja viðfangsefnið í takt við áherslur fjölmiðla og skoða helst orðræðuna um sitjandi forseta Ólaf Ragnar Grímsson og mótframbjóðandan Þóru Arnórsdóttur. Því næst tengdi ég viðfangsefnið upphafsári doktorsrannsóknar minnar, árinu 1980, og bar þannig orðræðu líðandi stundar saman við þá sem átti sér stað þegar Vigdís Finnbogadóttir bauð sig fram til embættis forseta.

Næsta skref er að ákveða hvaða gögn eru notuð til greiningar. Mér virtist augljóst að nýta þau gögn sem ég legg til grundvallar í doktorsrannsókn minni þegar ég greindi orðræðuna frá árinu 1980. Þau gögn samanstanda af þremur tímaritum: Nýju Lífi, Mannlífi og Heimsmynd. Tímaritin nutu (og njóta) töluverðra vinsælda og hafa frá upphafi verið útbreidd meðal almennings. Flest tímaritin hófu göngu sína um miðbik níunda áratugar síðustu aldar. Auk tímaritanna studdist ég við bók Páls Valssonar frá árinu 2009: *Vigdís - kona verður Forseti*. Í seinna tilfallinu, aðdraganda forsetakosninganna árið 2012, greindi ég þá umræðu sem ég rakst á í prent- og ljósvakamiðlum. Frekari áhersla í greiningu helgast af fagpólitískri áherslu sjálfrar mín sem rannsakanda.

Sjónarhorn og fagpólitísk álitamál

Það sjónarhorn sem ég legg til grundvallar í doktorsrannsókn minni sem og þessari grein er femínismi. Femínískt sjónarhorn á rætur í mótunarhyggju (e. constructionism) sem lítur á veruleikann sem félagslega mótaðan og háðan tíma og samhengi. Þar fyrir utan setja pólítískir og efnahagslegir straumar tímabilsins mark sitt á þær upplifanir sem er miðlað. Loks kem ég sem rannsakandi að því að túlka þann veruleika sem við mér blasir í gögnunum.⁴ Helstu

⁴ Crotty, M.: *The foundations of social research: Meaning and perspective in the research process*. Sage, London, 1988; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Hill-Collins, P.: *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness, and the Politics of Empowerment*. Routledge, London, 2000; Rannveig Traustadóttir: „Femínískar rannsóknir.“ *Handbók í aðferðarfræð og rannsóknir í heilbrigðisvísindum*.

verklags-vandræðin sem ég hef átt í stafa af því að í mér takast á tvö sjónarhorn femínismans: marxismi og svokallaður póstmóðernismi eða það hugtak sem ég kys frekar að nota, póststrúktúralismi.

Hugmyndafræðin á bak við hugtökin póstmóðernisma og póststrúktúralisma eru að miklu leiti samhljóma og byggja í grunninn bæði á véfengingu viðtekinnar heimsmyndar og þeirra valdatengsla sem ber hana uppi. Mismunurinn liggur í meginatriðum í hugtökunum sjálfum; póstmóðernistar véfengja arfleifð móðernismans sem byggði að miklu leiti á trú á skynsemi mannsins og heildarlausnir á meðan póststrúktúralistar véfengja og afbyggja viðtekna formgerð samfélagsins og nota tungumálið sem tæki til afbyggingar.⁵ Líkt og póststrúktúralistar lít ég svo á að völd séu dreifð á mörgum sviðum samfélagsins, í stöðugri mótun og þannig séu valdatengsl samfélagsins breytileg. Ég greini mig því einnig frá hefðbundnum marxískum femínisma sem leggur upp með algildislögmálinu eða þeirri einföldu heimssýn að valdið eigi uppsprettu á einum stað og að ein heildstæð lausn geti upprætt ójöfnuð. Á sama tíma aðhyllist ég þá hugmynd að samfélagsleg völd byggji á hagfræðilegum forsendum líkt og marxistar gera.⁶

Minn vandi lá í því í því að skeyta saman hugmyndum póststrúktúralista um dreifð völd og flæðandi valdatengsl og hugmyndir marxista um að samfélagsvöldin byggji á efnahagslegum hagsmunagrunni. Ég tel að samtíðun þessara tveggja sjónarhorna kunni að vera árangursrík í greiningu á samfélagslegum völdum og kynjuðum valdatengslum.

Til þess að skeyta saman hugmyndum um vald nýti ég mér einkum kenningar tveggja fræðikvenna: Joan W. Scott og Dorothy Smith. Scott veltir fyrir sér af hverju og í þágu hverra þáttur kvenna hefur verið falin og í gegnum söguna. Hún leggur hugtakið kyngervi til grundvallar í rannsóknum sínum. Í grunninn er kyngervi skilgreint sem hinn félagslega mótaði munur á konum og körlum en um leið sú grundvallarbreyta sem tákngerir

Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson ritstýrðu, Háskólinn á Akureyri, Akureyri, 2003; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005.

⁵ Britannica Encyclopedia (e.d.). Academic edition. sótt 15 desember 2011 af: <http://www.britannica.com/bps/search?query=postmodernism&cameFromBol=true> og <http://www.britannica.com/bps/search?query=poststructuralism>; Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182.

⁶ Marx, K. og Engels, F.: *Das Kapital – Kritik der politischen Ökonomie*. Dietz Verlag, Berlin, 1986; Einhorn, B.: *Cinderella goes to market: Citizenship, gender and womens movements in East Central Europe*. Verso, London og New York, 1993; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005.

valdatengsl. Kyngervi manneskju mótar sjálfsmýnd hennar og skynjun, hefur áhrif á samskipti fólks og sköpun samfélagslegra stofnana. Scott veltir fyrir sér móttun og stöðu sjálfsmýndar kynjanna útfrá ráðandi valdatengslum og orðræðu og möguleika þeirra til að vera þátttakendur í pólitísku valdalífi. Hún bendir á að kyngervi fólks er ekki einungis viðhaldið milli kynslóða, heldur eru menningarbundnar hugmyndir um kynin sífellt endurmótaðar og jafnvel styrktar undir nýjum kringumstæðum. Þannig hefur sagan leitt í ljós að félagslegt umrót og átök geta leitt til frekari valdeflingar karla á kostnað kvenna og valdið því sem við í dag köllum „bakslag“.⁷

Kenning Smith hvílir á marxískum grunni sem endurspeglast í frægri setningu Marx um að verund skapi vitund, eða að samfélagsleg formgerð móti félagslega hegðun.⁸ Miðlægt hugtak kenningar Smith, „stýrandi valdatengsl“ (*e. ruling relation*), vísar til þeirrar hugmyndar að samfélagsformgerðin sé flókin samsetning innbyrðis tengdra valdaeininga sem hafi stýrandi áhrif á athafnir fólks. Skilgreindir hagsmunir samfélagsins lúta þannig efnahagslegri stýringu. Í ferlinu verður til hugmyndafræði sem mótar almenn samfélagsgildi sem aftur endurspeglast í félagslegri hegðun fólks og kyngervi.⁹ Líkt og Scott rekur Smith félagslega hegðun fólks til stærra samhengis í stofnanabundnu valdamengi. Ekki er leitað að einni orsök og einföldum lausnum heldur felst leikurinn í að afhjúpa falin valdatengsl sem við öll, þátttakendur í samfélaginu, höldum uppi með hátterni okkar. Athafnir okkar, skoðanir og kyngervi endurspeglar ferlið sem liggur að baki hinu augljósa, á rætur í valdamenginu og er miðlað með orðræðunni.¹⁰

Svo ég heimfæri þetta stuttlega yfir á mína eigin rannsókn, þá skoða ég hvernig hugmyndafræðilegar stefnur, pólitískir og efnahagslegir straumar í orðræðu um kyngervi í

⁷ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Jafnréttisstofa.is: „Orðabók“. Sótt í júní 2012:

<http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=37>

⁸ Marx, K. og Engels, F.: *Das Kapital – Kritik der politischen Ökonomie*. Dietz Verlag, Berlin, 1986.

⁹ Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005.

¹⁰ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005.

tvennum forsetakosningum með rúmlega þrjátíu ára millibili birtast. Þannig verður rýnt í hvaða hugmyndafræði og valdatengsl voru ráðandi í samfélaginu á tímabilunum og á hvaða máta þessir þættir höfðu áhrif á sköpun kyngervis. Bæði Scott og Smith ganga út frá því að þekking liggja til grundvallar valdinu sem er efni næsta hluta.

Þekking og vald

Líkt og annað í menningunni er þekking félagslega mótuð og miðlað í orðræðunni. Þekkingin sjálf er sköpun sem skilgreinir, styrkir eða veikir viss félagssvið eða rými. Þeir sem fara með umboð viðkomandi sviðs, með beinni eða óbeinni þátttöku, eru jafnframt þeir sömu og sjá um sköpunina. Sköpun og miðlun þekkingar verður til við mismunandi aðstæður og í miðluninni sjálfri takast á ólík sjónarmið. Þau sjónarmið sem verða ofaná hljóta meira vægi og mynda grundvöll viðmiða. Þekkingargrunnurinn liggur þannig til grundvallar félagslegum valdatengslum.¹¹

Franski heimspekingurinn Foucault gagnrýndi póstívíska afstöðu til vísindanna í verkum sínum og tilhneiginguna til að stofnanavæða þekkingu.¹² Femínistar ganga skrefinu lengra og hafa með rannsóknum varpað ljósi á samtvinnun þekkingar, vísinda og stofnana og þess karllæga kerfis sem hún er hluti af. Samkvæmt þessu byggist þekkingarsköpun almennt á karllægu forræði. Það er að segja, að í gegnum söguna hafa sjónarmið, þekking og völd karla öðlast meira vægi en þekking og völd kvenna. Stjórnendur huglægra og hlutlægra auðlinda eru (hvítir) karlar og þeirra er þekkingin og orða-forræðið.¹³ Með öðrum orðum liggur sá

¹¹ Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Sharp, L. & Richardson, T.: „Reflections on Foucaultian Discourse Analysis in Planning and Environmental Policy Research.” *Journal of Environmental Policy & Planning* 3, 2001, bls. 193-209; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005.

¹² Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005.

¹³ Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Hill-Collins, P.: *Black Feminist Thought: Knowledge, Consciousness, and the Politics of Empowerment*. Routledge, London, 2000; Marshment, M.: „The Picture is Political: Representation of Women in Contemporary Culture.” *Introducing Women's Studies*, Robinson, Victoria og Diane Richardson ritstýrðu. MacMillan Press Ltd., London, 1997, bls. 125-151; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005; Yuval-Davis, N.: *Gender & Nation*. SAGE Publications Ltd., Great Britain, 2007.

samfélagslegi þekkingargrunnur sem mótar mismunun kynjanna til grundvallar valdinu. Kyngervi ber þannig í sér bæði hlutlæga og huglæga valdaskiptingu sem er samtvinnuð löghelgun valdsins sjálfs. Þekkingarsköpun og menningarlegar hugmyndir um (kynjuð) valdatengsl hefur í gegnum söguna verið viðhaldið í orðræðunni.

Söguleg orðræðugreining og helstu hugtök

Orðræða er ferli. Í ferlinu er orðum, hugtökum og ímyndum haldið á lofti og þau sköpuð og endursköpuð með meðvituðum eða ómeðvituðum hætti. Sú póststrúktúralíska smiðja sem ég leita í eftir greiningatækjum beitir ekki tungumálinu (e. language) til greininga heldur orðræðunni (e. discourse). Með orðræðu er átt við flókna miðlun athafna og orða, þagna ímynda o.fl. Orðræðan er ekki föst stærð í stöðugum heimi og endurspegla ekki heiminn á hlutlausan máta heldur er hún dýnamískt ferli sem er virkt í sköpun heimsins eða þess veruleika sem við lifum.¹⁴

Á einfaldari máta má segja að póststrúktúralistar haldi því fram að fólk skilgreini sig og hinn félagslega veruleika með orðræðunni í gegnum tungumálið. Í orðræðunni öðlast manneskjan skilning á því hver hún er og hvernig samskiptum hennar við annað fólk er háttað. Þessi nálgun hentar doktorsverkefni mínu einstaklega vel þar sem ég greini texta og leita eftir því í hvaða samhengi ímynd og félagsleg merking varð til. Huglæg fyrirbrigði eins og kvenleiki og sköpun hans er ekki smættanlegur í einingar eða mælanlegur með stöðluðum mælitækjum. Hann er fljótandi, í stöðugu ferli og það er einungis hægt að fanga augnabliksskilgreiningu á honum í sögulegu samhengi. Í orðræðugreiningu er rýnt í texta og ímyndir auk þess er lögð áhersla á greiningu félagslegra valdatengsla sem vart verða greind með öðru verkfæri. Orðræðugreining í póstmóðernískum anda leitast við að spyrja og svara

¹⁴ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsæi, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Sharp, L. & Richardson, T.: „Reflections on Foucaultian Discourse Analysis in Planning and Environmental Policy Research.” *Journal of Environmental Policy & Planning* 3, 2001, bls. 193-209; Wetherell, M., Taylor, S., Yates, S.J.: *Discourse Theory and Practice. A Reader*. London SAGE Publications, London, 2001; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

spurningum á borð við þessar: Í hvaða félagslega samhengi mótast merkingin? Af hverju er sum þekking samþykkt en önnur ekki? Hvaða valdatengsl verða til í ferlinu?¹⁵

Til þess að svara spurningum sem þessum eru viss hugtök eða greiningartæki sögulegrar orðræðugreiningar notuð. Ég hef áður greint frá hugtökunum orðræðu, valdi og þekkingu hér að framan. Auk þeirra eru eftirfarandi hugtök sögulegrar orðræðugreiningar mikilvæg sem nú verða tilgreind:

Þegar orð, hugtök eða athafnir eru síendurtekin í orðræðunni er talað um þau sem *þrástef* (e. discursive theme). Þrástefin verða til í hugmyndafræðilegum *átökum* og mynda ákveðin mynstur í orðræðunni. Þá er talað um pólitísk og söguleg *löggildingarlögmál* (e. legitimating principles). Lögmálin eru ekki algild en í þeim felast ákveðnar reglur, beinar og óbeinar, sem gilda um það sem er samþykkt (eða ekki) í orðræðunni. Þegar orðræðan beygir sig í ákveðna farvegi eftir því sem er viðurkennt eða minna viðurkennt er talað um *sterkara* eða *veikara lögmál* orðræðunnar. Í löggildingarferlinu verða til viðmið (e. norm) sem við, sem tökum þátt í orðræðum, tökum þátt í að skapa.¹⁶

Viðmið er mælikvarði hins félagslega á hverjum stað og tíma. Þetta ferli, sem stundum hefur verið slett yfir á íslensku sem „normalisering“, kallar Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (2006) *eigin ögun* (e. normalisation). Það hugtak lýsir inntaki

¹⁵ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviewes and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J.W.: „Deconstructing Equality Versus Difference, or: The Use of Poststructural Theory for Feminism”. *The Postmodern Turn: New Perspectives on Social Theory*. Steven Seidman ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge, New York, 1994; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Gill, R.: „Discourse Analysis“. *Qualitative Researching with Text, Image and Sound. A Practical Handbook*. Martin W. Bauer og George Gaskell ritstýrðu. London SAGE Publications, London, 2000, bls. 172-190; Sharp, L. & Richardson, T.: „Reflections on Foucaultian Discourse Analysis in Planning and Environmental Policy Research.” *Journal of Environmental Policy & Planing* 3, 2001, bls. 193-209; Wetherell, M., Taylor, S., Yates, S.J.: *Discourse Theory and Practice. A Reader*. London SAGE Publications, London, 2001; Smith, D. E.: *Institutional ethnography, a sociology for people*. AltaMira Press A Division of Rowman & Littlefield Publishers Inc, Lanham, 2005; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

¹⁶ Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviewes and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J.W.: „Deconstructing Equality Versus Difference, or: The Use of Poststructural Theory for Feminism”. *The Postmodern Turn: New Perspectives on Social Theory*. Steven Seidman ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge, New York, 1994; Wetherell, M., Taylor, S., Yates, S.J.: *Discourse Theory and Practice. A Reader*. London SAGE Publications, London, 2001; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

heildarhugmyndarinnar ágætlega. Í hugtakinu felst hvernig við tileinkum okkur þrástefin í orðræðunni og tókum hugmyndum og athöfnum sem sjálfsgöðum hlut. Við gerum þau að okkar og ögum okkur sjálf í takt við viðteknar leikreglur. Á þennan hátt tvinnast orðræðan, með atferli hvers og eins, hinu almenna brjóstviti líðandi stundar og þau okkar sem fylgja farvegi kröftugs löggildingarlögmáls synda með meginstraumnum.¹⁷

Orðræðan er ekki staðbundið, einangrað ferli. Hún er ekki óháð tíma og rúmi heldur er þvert á móti virkt afl í pólitískri, efnahagslegri og menningarlegri sköpun sögunnar. Í sköpuninni verða til átakanúningar eða *söguleg samverkan* (e. historical conjuncture); atvik og hugmyndir líðandi stundar rekast á innbyrðis í núinu, eiga samsvörun í fortíðinni og hafa áhrif á framtíðina. Hvaða hugmyndir standast tímanns tönn er hinsvegar illmögulegt að sjá fyrir. Hvorki orðræðan né sagan mótast sem heildstæð samfella. Öllu heldur eiga sér stað *rof* í orðræðunni og sögunni samfara t.d. pólitískum og efnahagslegum sviptingum. Í þessháttar samfélagslegu umróti verður menningarleg merking fljótandi og í uppstokkuninni myndast tækifæri til uppstokkunar á gildum og viðmiðum samfélagsins.¹⁸

Orðræðugreining býður upp á þau verkfæri sem hægt er að beita til að greina félagsleg og söguleg ferli. Viðtekin orðræða hvers tíma leitast við að setja hlutina í rökrétta samfellu þar sem eitt leiðir að öðru líkt og um röð tengdra atvika væri að ræða. Þegar það hriktir í stoðum ráðandi valdatengsla er oft ýtt af stað orðræðu sem styrkir þær aftur. Ráðandi lögmál orðræðunnar býr yfir viðleitni til að sparsla í sprungurnar og mála yfir *mótsagnir* (e. contradictions). Þetta gerist bæði á meðvitaðan og ómeðvitaðan máta meðal þeirra sem hafa umboð með eða fylgja lögmáli valdsins. Á þennan hátt eru valdatengsl varðveitt um leið og þau viðhalda sjálfum sér, styrkja sig og réttlæta frá degi dags, milli

¹⁷ Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J.W.: „Deconstructing Equality Versus Difference, or: The Use of Poststructural Theory for Feminism”. *The Postmodern Turn: New Perspectives on Social Theory*. Steven Seidman ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge, New York, 1994; Wetherell, M., Taylor, S., Yates, S.J.: *Discourse Theory and Practice. A Reader*. London SAGE Publications, London, 2001; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

¹⁸ Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Scott, J.W.: „Deconstructing Equality Versus Difference, or: The Use of Poststructural Theory for Feminism”. *The Postmodern Turn: New Perspectives on Social Theory*. Steven Seidman ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge, New York, 1994; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

kynslóða og tímabila. Með orðræðugreiningu er rýnt í orðræðuna, mótsagnir afhjúpaðar, sprungurnar kortlagðar og valdatengslin sem myndast í ferlinu greind.¹⁹

Orðræðugreining hefur ekki einungis skilgreiningargildi heldur er hún einnig tæki til breytinga. Möguleikarnir felast í ofanefndri kortlagningu á sprungum sem myndast í orðræðunni, og því sem Patricia Hill-Collins (2000) kallar að „pæla sprungurnar“ (e. work the cracks), eða íhuga þær, rista í og vinna úr þeim. Úrvinnslan býður upp á að draga dulda þætti fram í dagsljósið, setja hlutina í nýtt samhengi og finna leiðir til úrbóta. Samfléttað þessu ferli er fagleg, gagnrýnin sjálfskoðun sem er öllum fögum holl og þeim fræðikonum og – körlum sem þau stunda.²⁰

Af greiningu gagna

Ákveðið *rof* varð í Íslandssögunni þegar Vigdís Finnbogadóttir gaf kost á sér til forseta og hlaut kosningu árið 1980. Í kosningabaráttunni skapaðist jarðvegur fyrir hugmyndafræðileg *átök* þegar mismunandi stefnur, sögulegar hefðir og nýjungar tókust á. Í háværum röddum þeirra sem töluðu gegn kosningu Vigdísar endurómuðu ýmis *prástef* sem áttu það sameiginlegt að vísa í söguleg fordæmi og hefðir. Þannig var helst tíunduð sú staðreynd að fram til ársins 1980 hafði engin kona setið á forsetastól. Ennfremur vísuðu *prástefin* beinlínis í skort á viðurkenndri táknmynd kvenleikans í ímynd Vigdísar. Þannig þótti ekki heppilegt að Vigdís væri ógift og í ofanálag einstæð móðir. Þessi stef náðu vissu hámarki þegar því var slegið upp í fjölmiðlum að hún hefði misst annað brjóstið. Þau *prástef* sem hér hafa verið talin upp endurspeglu öll ákveðna vöntun á því sem Vigdís hafði ekki eða öðrum orðum það sem hún var (og er) ekki: karl.²¹

Þau sem tóku þátt í orðræðunni sem beindist gegn kosningu Vigdísar Finnbogadóttur beittu sjálf sig *eigin ögun*. Þau undirgengust viðtekin viðmið, helguðu sig

¹⁹ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviewes and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Scott, J.W.: „Deconstructing Equality Versus Difference, or: The Use of Poststructural Theory for Feminism”. *The Postmodern Turn: New Perspectives on Social Theory*. Steven Seidman ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge, New York, 1994; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

²⁰ Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006.

²¹ Ólafur Sigurðsson: „...þó ég væri tvíhleyf...“ segir Vigdís Finnbogadóttir. Einstæð móðir á Bessastaði? *Líf Tískublað*. 1.tbl., 3. árg., 1980, bls 28-29; Páll Valsson: *Vigdís – Kona verður forseti* Reykjavík, JPV, Reykjavík, 2009.

hefðinni og tóku þátt í að viðhalda þeim kynjuðu valdatengslum sem höfðu viðgengist á Íslandi fram til ársins 1980. Þrátt fyrir háværa rödd þeirra sem töluðu á móti kosningu Vigdísar, varð það sem þá virtist *veikara lögmál* ofaná í orðræðunni þann 29. júní árið 1980, þegar Vigdís varð fyrst kvenna lýðræðislega kosinn þjóðarleiðtogi. Með kosningunni varð ljóst að tekist hafði að *pæla í sprungurnar* og það myndaðist *rof* í samfellu sögunnar. Það hrikti í stoðum hinna kynjuðu valdatengsla sem legið hafa til grundvallar íslensku samfélagi og heiminum öllum í gegnum aldirnar, þegar kona tók sér og var veitt rými í miðju valdsins. Undanfarna áratugi hefur Vigdís tvímælalaust verið ein helsta fyrirmynd íslenskra kvenna og jafnframt sú ímynd sem einkum hefur verið haldið á lofti í opinberri orðræðu um íslenskar konur. Með kosningu hennar var styrkur og sjálfstæði íslenskra kvenna skrifaður á spjöld sögunnar; *þrástef* sem haldist hefur í *sögulegri samverkan* allar götur síðan²².

Rúmum þrjátíu árum síðar, árið 2012, var blásið til forsetakosninga á Íslandi. Aftur skerptust skilin; orðræðan einkenndist af hugmyndafræðilegum *átökum*. Nokkrar *sprungur* urðu til og ýmis *rof* mynduðust í ferlinu. Sem dæmi um *rof* má nefna að árið 2012 var í fyrsta sinn í sögunni jafnt kynjahlutfall meðal forsetaframbjóðenda. Hér verður hinsvegar eingöngu fjallað lítillega um eina af fjölmörgum *sprungum* sem mynduðust og náði þvílíkri vídd að nær væri að tala um *gjá*. Hér er ég að vísa í tvenndarparið sem fjölmiðlar stilltu upp snemma í kosningaferlinu: Þóru Arnórsdóttur og Ólaf Ragnar Grímsson, og valda *átakaníninga* sem gætti í umræðunni um þau. Þegar ég tala um „tvenndarpar“ vísa ég ekki einungis í kyn þeirra beggja heldur voru þau einnig fulltrúar tveggja tíma, fortíðar og framtíðar, sem og mismunandi sjónarmiða. Þannig tilheyrði Ólafur eldri kynslóð en Þóra og vísaði jafnframt

²² Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviewes and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; „Ekkert skyld Vigdís. Rætt við Svanhildi Halldórsdóttur, sem varð landsfræg aðfaranótt 30. júní“. *Líf Tískublað*. 4. tbl., 3.árg., 1980, bls. 28-31; Ólafur Sigurðsson: „.....þó ég væri tvíhleyp...“ segir Vigdís Finnbogadóttir. Einstæð móðir á Bessastaði? *Líf Tískublað*. 1.tbl., 3. árg., 1980, bls 28-29; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.“ *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötlun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006; Páll Valsson: *Vigdís – Kona verður forseti* Reykjavík: JPV, Reykjavík, 2009; *The Global Gender Gap Report*. Sótt í mars 2009 af: <http://www.weforum.org/en/Communities/Women%20Leaders%20and%20Gender%20Parity/GenderGapNetwork/CountryProfiles/index.htm>; „The most feminist place in the world“ *The Nation*. Sótt 22 febrúar 2011 af: <http://www.thenation.com/article/158279/most-feminist-place-world>.

gjarnan til fortíðar í máli sínu á meðan Þóra var málsvari ungu kynslóðarinnar í dag og kaus að leggja áherslu á framtíðina.²³

Þrátt fyrir farsælan forsetaferil Vigdísar Finnbogadóttur og almennar vinsældir var orðræðan í kringum forsetaefnin, Þóru og Ólaf Ragnar, sláandi kynjuð og aftur kvað við gamalkunnug stef. Í þetta sinn var ekki vísað í vöntun táknmynda kvenleikans, heldur heyrðust í meginstraums-umræðunni *þrástef* þess eðlis að ímynd Þóru væri samtvinnuð táknmyndum sem endurspegli ofgnótt kvenleikans. Konan var barnshafandi þegar hún gaf kost á sér til æðsta embættis þjóðarinnar og var undir kosningar væntanlega með barn á brjósti. Þar fyrir utan átti hún fyrir fullt hús af börnum líkt og fjölmiðlar fjölluðu óspart um.²⁴

Líkt og vöntun Vigdísar forðum undirstrikaði ofgnótt kvenleikataákna Þóru – kannski enn frekar – skortinn gagnvart viðmiðinu eða því að hún er kona en ekki karl. Í það minnsta voru þeir kvenlegu eiginleikar sem fólust í ímynd hennar óspart notaðir gegn henni í svonefndri „baráttu um Bessastaði“²⁵. Þau sem tóku þátt í þeirri orðræðu, sem myndaði *sterkara lög* orðræðunnar árið 2012, samsömuðu sig aldagömlum venjum um æðsta hlutverk kvenna sem mæður. *Ögumín* í orðræðunni átti hér sem fyrr, rætur í sögulegum hefðum. Mæður eru nauðsynlegar til uppbyggingar og viðhalds þjóða með barneignum en lengra nær hlutverkið ekki. Móðurhlutverkið er skipað sem fyrsta og æðsta hlutverk konu og er í umræðunni sveipað heilagleika sem minnir á kaþólskar fyrirmyndir. Móðurinni er ætlað að helga sig hlutskipti sínu óskiptu.²⁶

Kosningabaráttuna má flokka undir það sem Scott kallar félagslegt umrót, eða *átakavettvang*, og fjallað hefur verið um hér að framan. Í átökunum skerpast andstæður og *mótsagnir* móta daglega orðræðu. Skilin á milli skilgreindra kven- og karlhlutverka, einkasviðsins og hins opinbera, verða skýrari í miðju *átaka* og það slær í brýnu milli gamalla og nýrra gilda. Þegar baráttan snýst um ímynd valdsins á Íslandi árið 2012 varð kynjabilið að

²³ Kristín Helga Gunnarsdóttir: „Forsetinn minn“. Sótt 23 júní 2012 af: <http://smugan.is/2012/06/forsetinn-minn/>;

Vilhjálmur Arnason: „Um hvað er kosið?“. Sótt 22 júní 2012 af: <http://www.visir.is/um-hvad-er-kosid-/article/2012706199995>.

²⁴ Sif Sigmarsdóttir: „Forsetaframboð. Börn. Ólétt“ sótt 22 júní 2012 af: <http://www.visir.is/forsetaframboð.-born.-olett./article/2012704139999>.

²⁵ „Baráttan um Bessastaði“. Sótt 20 júní 2012 af: <http://www.ruv.is/sarpurinn/barattan-um-bessastadi/07062012>.

²⁶ Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.“ *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Pateman, C.: *The Disorder of Women*. Lindsay Ross, Marston Oxfordshire, International Ltd., 1989; Yuval-Davis, N.: *Gender & Nation*. SAGE Publications Ltd., Great Britain, 2007.

gjá í orðræðunni.²⁷ Valkosturinn árið 2012 líkt og árið 1980, fólst í hinu *veikara lögmáli* líðandi stundar. Spurningin var hvort Þóru og fylgdarfólki hennar tækist að *pæla sprunguna* eða öllu heldur *gjánna* sem myndaðist og tengja eigið framboð og forsetatíð Vigdísar Finnbogadóttur í nýja, *sögulega samverkan*.²⁸ Sem (barnshafandi) móður ungra barna var Þóru hinsvegar skipað út af hinum opinbera vettvangi og „heim“ á einkasviðið.

Samkvæmt skoðanakönnunum taldi meirihlutinn þjóðarbúið heyra undir hefðbundnari bústjóra. Ólafi Ragnari, sem naut meðbyrs meginstraumsins í baráttunni, nægði þó ekki að vísa í hefðina og eigið kyn sem grundvallarrök til að halda embætti líkt og talið var nóg fyrir rúmum þrjátíu árum. Hann vísaði til annarra og jafnvel máttugri aflu; viðvarandi óvissu og óstöðugleika, sem samkvæmt honum kröfðust reynds leiðtoga. Hann útnefndi sjálfan sig óhikað sem kjölfestu þjóðarinnar, enda kippir kyni hans í kynja-kjölinn þó mörgum hafi festan þótt flokkast undir álitamál.²⁹

Ólafur talaði beint inn í aldagamla hefð karllægs forræðis sem á ögurstundu grípur til örþriferáða í þeim tilgangi að ná eða halda völdum. Í tali sínu mundaði hann óspart *þrástefin* „óvissu“ og „óstöðugleika“ sem samkvæmt honum voru, árið 2012, pólitískis og efnahagslegs eðlis. Þannig ól hann á ótta þjóðar sem var nýbúin að brenna sig illa á hvorutveggja, en

²⁷ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík, 2004.

²⁸ Foucault, M.: *The Archeology of Knowledge and the discourse on language*. Vintage books, New York, 2010; Foucault, M.: *Power/Knowledge: selected interviews and other writings 1972-1977*. Colin Gordon ritstýrði. Pantheon Books, New York, 1980; Foucault, M.: *Alsai, vald og þekking* Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2005; Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: *Karlmennska og jafnréttisuppeldi*. Rannsóknarstofa í kvenna- og kynjafræðum, Reykjavík, 2004.

²⁹ Scott, J. W.: *Gender and the politics of history*. C. G. Heilbrun og N. K. Miller ritstýrðu. Columbia University Press, New York, 1999; Scott, J. W.: „Gender: a useful category of historical analysis.” *Feminism & History*. Wallach Scott ritstýrði. Oxford University Press, Oxford, 1996, bls. 152-182; Ingólfur Ásgeir Jóhannesson: „Leitað að mótsögnum“. *Fötun. Hugmyndir og aðverðir á nýju fræðasviði*. Rannveig Traustadóttir ritstýrði. Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2006; „Baráttan um Bessastaði“. Sótt 20 júní 2012 af:

<http://www.ruv.is/sarpurinn/barattan-um-bessastadi/07062012>;

Kristín Helga Gunnarsdóttir: „Forsetinn minn“. Sótt 23 júní 2012 af:

<http://smugan.is/2012/06/forsetinn-minn/>;

Sverrir Björnsson: „Nýju fötin forsetans“ sótt 22 júní 2012 af:

http://www.visir.is/nyju-fotin-forsetans/article/2012706219909?fb_ref=under&fb_source=timeline;

Vilhjálmur Árnason: „Um hvað er kosið?“ Sótt 22 júní 2012 af:

<http://www.visir.is/um-hvad-er-kosid-/article/2012706199995>.

afneitaði á sama tíma hræðsluáróðri og leitaðist þannig við að sparsla í sprungurnar og mála yfir sínar eigin *mótsagnir*. Að loknu sögubingi kom í ljós að Ólafur Ragnar náði, í krafti *sterkara lögmáls orðræðunnar*, að halda völdum og um leið réttlæta og styrkja kynjuð valdatengsl í íslensku samfélagi. .

Lokaorð

Ísland hefur verið talið fremst meðal þjóða í jafnréttismálum. Kosning Vigdísar Finnbogadóttur árið 1980 skipaði þar veigamikinn sess og forsetaferill hennar var táknrænn sem fyrirmynd kynjajafnréttis hér á landi sem annarsstaðar. Á sama tíma hefur hið pólitíska og efnahagslega vald á Íslandi jafnan verið sveipað karllægu kyngveri og nú í seinni tíð íklætt jakkafötum með bindi. Þrátt fyrir misjafnt gengi undir forystu karla virðist þekkingargrunnur þjóðarinnar enn hvíla í hefðinni. Þegar á reynir, viðmiðunum er ögrað og tekist er á um ólík sjónarmið, hallar hið almenna brjóstvit sér á karllægar stoðir kerfisins.

Í forsetakosningunum árið 2012, var tekist á um táknræna ímynd valdsins sem jafnframt er ímynd Íslands. Það þótti ekki sæta tíðindum að kynjahlutföllin væru jöfn í framboðinu. Svo langt er þjóðin komin. Framvarðasveit frambjóðenda skipuðu kona og karl, fulltrúar ólíkra sjónarmiða og gilda en auk þess fulltrúar kynjaðra staðalímynda. Viðmiðin voru þanin, enn á ný, og nú síðast með ýktum tilvísunum í gamlar hugmyndir um eðli og hlutverk kynjanna. Þjóðin kaus. Ekki konuna, fulltrúa kvenleikans og móðurinnar sem bar framtíðina bókstaflega í skauti sér heldur karlinn, hinn hefðbundna fulltrúa valdsins. Hin kynjuðu valdatengsl sögunnar festust aftur í sessi.